

## REGLUGERÐ

### um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis.

#### I. kafli

##### Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Forstöðumaður fangelsis getur veitt fanga, sem afplánar refsingu og er skráður í því fangelsi, leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 2. kafla og 5. kafla.

#### 2. gr.

Fangelsismálastofnun ríkisins getur veitt fanga, sem afplánar refsingu, leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 3. kafla og 4. kafla.

#### 3. gr.

Leyfi til dvalar utan fangelsis skal ekki veitt ef hætta er á að fangi misnoti það.

Hafi fangi verið dæmdur, í síðasta refsidómi eða áður, fyrir manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, meiriháttar fíkniefnabrot, brennu eða annað almennt hættubrot, auðgunarbrot framið með ofbeldi eða hótun um ofbeldi, eða önnur afbrot sem eru sérlega gróf, skal sýna sérstaka gát við mat á því hvort hætta sé á að fangi muni misnota leyfi. Hið sama gildir ef mál, þar sem viðkomandi fangi er grunaður um eða ákærður fyrir slíkt brot, er til meðferðar hjá lögreglu, dómstólum eða ákærvaldi.

Hafi fangi strokið úr afplánun eða gæsluvarðhaldi, eða framið refsiverðan verknað í fyrri leyfi til dvalar utan fangelsis, eða að öðru leyti misnotað slíkt leyfi, skal sýna sérstaka gát við mat á því hvort hætta sé á að fangi muni misnota leyfi. Hið sama gildir ef fangi er grunaður um að hafa framið afbrot, sem ekki er smávægilegt, í núverandi afplánun.

Strok og misnotkun leyfis til dvalar utan fangelsis í fyrri afplánun, eða gæsluvarðhaldi, skal einnig hafa til hliðsjónar við mat á því hvort hætta sé á að fangi muni misnota leyfi.

Sýna skal sérstaka gát við mat á því hvort fangi muni misnota leyfi ef um er að ræða sfbrotamann, og gildir það jafnt þó ekki sé af öðrum ástæðum hætta á að hann muni misnota leyfið.

#### 4. gr.

Áður en forstöðumaður fangelsis veitir fanga leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 2. kafla skal hann leita samþykkis fangelsismálastofnunar í eftirfarandi tilvikum:

- a) Ef fangi hefur ekki fengið slíkt leyfi áður í þeirri afplánun,
- b) ef ákvæði 3. mgr. 3. gr. eiga við um fangann, og hann hefur ekki fengið slíkt leyfi eftir að fangelsisyfirvöld fengu vitneskju um þau atvik sem greinir í 3. mgr. 3. gr.,
- c) ef aðrar ástæður gefa tilefni til.

## 5. gr.

Áður en fangelsismálastofnun veitir fanga leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 3. - 4. kafla, skal hún leita umsagnar forstöðumanns þess fangelsis sem fanginn er skráður í, og jafnframt forstöðumanns þess fangelsis sem fanginn mun verða skráður í meðan leyfið gildir ef það er ekki sama fangelsið.

## 6. gr.

Vilji forstöðumaður fangelsis veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla, án fylgdar, skal hann áður leita samþykkis fangelsismálastofnunar.

## 7. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis til að fara til útlanda.

## 8. gr.

Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 2. - 4. kafla skal almennt veitt án fylgdar. Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla skal almennt ekki veitt án fylgdar, nema sérstakar aðstæður mæli með.

## 9. gr.

Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 2. kafla skal vera 15 klukkustundir að lengd. Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 3. - 4. kafla skal ekki vera lengra en nauðsynlegt er til að leyfið þjóni tilgangi sínum, og aldrei lengra en 12 klukkustundir.

Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla skal ekki vera lengra en nauðsynlegt er til að leyfið þjóni tilgangi sínum, og aldrei lengra en 6 klukkustundir nema mjög sérstakar aðstæður mæli með, og er slíkt háð fyrirfram veittu samþykki fangelsismálastofnunar. Leyfi til dvalar utan fangelsis skal aldrei vera yfir nótt. Þó má leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla einnig ná til næturinnar ef mjög sérstakar aðstæður mæla með, en þá skal fanginn gista í næsta fangelsi eða á næstu lögreglustöð og skal fyrirfram gengið frá slíkri gistingu, og er slíkt leyfi háð fyrirfram veittu samþykki fangelsismálastofnunar.

## 10. gr.

Fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis skal setja eftirfarandi skilyrði:

- a) Fanganum skal hvorki heimilt að neyta áfengis eða deyfilyfja meðan hann er í leyfinu,
- b) fanganum skal hvorki heimilt að hafa undir höndum eða neyta ólöglegra ávana- eða fíkniefna meðan hann er í leyfinu,
- c) fanginn skal ekki fremja refsiverðan verknað meðan hann er í leyfinu,
- d) fanginn skal ekki fara til útlanda í leyfinu,
- e) fanginn skal þegar tilkynna það til fangelsisins ef slys, sjúkdómur eða önnur atvik gera honum ókleift að koma úr leyfinu á tilsettum tíma,
- f) fanganum er óheimilt að koma með í fangelsið hluti sem óheimilt er að hafa í fangelsinu samkvæmt reglum þess,
- g) hvenær fanganum er heimilt að yfirgefa fangelsið, og hvenær hann skal vera kominn aftur í fangelsið,
- h) um leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 3. - 5. kafla skal setja það skilyrði að fanganum sé óheimilt að gera eða fara nokkuð í leyfinu annað en það sem samræmist tilgangi leyfisins.

## 11. gr.

Fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis er heimilt að setja eftirfarandi skilyrði:

- a) Að fanginn skuli láta í té öndundarsýni við endurkomu í fangelsið,
- b) að fanginn skuli gangast undir töku þvag- og/eða blóðsýnis fyrir og/eða eftir leyfið,

- c) að fanginn skuli gangast undir líkamsleit við endurkomu í fangelsið,
- d) að fanginn skuli ekki, ef tillit til brotþola eða nánustu aðstandanda brotþola eða eðli eða grófleiki brotsins mæla með, koma á ákveðna staði eða hafa samband við ákveðna menn í leyfinu.

## 12. gr.

Sá aðili sem ákveður að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis ákveður hvaða skilyrði eru sett fyrir leyfinu samkvæmt 11. gr.

## 13. gr.

Starfsfólk fangelsis skal fylgjast með því að fangi misnoti ekki leyfi til dvalar utan fangelsis sem honum hefur verið veitt.

## 14. gr.

Þó að ekki séu sett skilyrði um öndunarsýni, töku þvag- og/eða blóðsýnis eða líkamsleit við endurkomu í fangelsið, er heimilt að framkvæma slíkt ef aðstæður mæla með. Líkamsleit innvortis skal ekki ákveðin nema að fengnu álitni lækni.

Taka blóðsýnis og innvortis leit skal gerð af lækni eða hjúkrunarfræðingi.

Leit á fanga innan klæða skal gerð af starfsmanni sama kyns og fanginn.

Ákvarðanir samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. skal bóka og tilgreina ástæður.

## 15. gr.

Fangi ber sjálfur kostnað vegna leyfis til dvalar utan fangelsis.

Í sérstöku tilfellum er þó forstöðumanni fangelsis heimilt að veita fanganum fjárhagslega aðstoð vegna leyfis, ef kostnaður vegna leyfis er óvenjulega mikill eða sérstakur, eða ef hann var ófyrirsjáanlegur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal þó fangi almennt ekki sjálfur bera kostnað vegna fylgdar þegar honum er veitt leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla.

## 16. gr.

Greiða skal fanga dagvinnulaun eða dagpeninga, eins og venjulega, fyrir þann tíma sem hann er utan fangelsis vegna leyfis.

Þó skal hvorki greiða fanga laun né dagpeninga ef hann fær greitt fyrir vinnu sem unnin er utan fangelsis eftir reglum 3. kafla.

Hvorki skal greiða fanga laun né dagpeninga vegna þess tíma sem hann er utan fangelsis vegna leyfis, ef hann hefur rofið skilyrði leyfisins eða að öðru leyti þær reglur sem um það giltu, eða misnotað það að öðru leyti.

## 17. gr.

Rjúfi fangi skilyrði leyfis til dvalar utan fangelsis eða að öðru leyti þær reglur sem um leyfið gilda, eða misnoti það að öðru leyti, getur það varðað afturköllun leyfisins, og agaviðurlögum samkvæmt 26. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48 19. maí 1988, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 31 19. mars 1991, og skal það koma skýrt fram í skírteini því er greinir í 1. mgr. 21. gr.

## 18. gr.

Einnig er heimilt að afturkalla leyfi til dvalar utan fangelsis sem ákveðið hefur verið að veita, en er ekki komið til framkvæmda, ef uppvíst verður um atvik sem valda því að hætta er á að fanginn muni misnota leyfið, eða önnur atvik sem hefðu orðið til þess að synjað hefði verið um leyfið.

## 19. gr.

Ákvörðun um að afturkalla leyfi fanga til dvalar utan fangelsis skal tekin af þeim aðila sem ákvað að veita leyfið.

Slík ákvörðun skal tekin á grundvelli fyrirliggjandi skýrslna og annarra gagna, og skal gefa fanganum kost á að tjá sig um málið fyrir forstöðumanni fangelsisins áður en ákvörðun er tekin. Þá skal einnig kynna fanganum fyrirliggjandi gögn og skýrslur í málinu áður en ákvörðun er tekin. Þó er heimilt að undanskilja upplýsingar ef slíkt telst nauðsynlegt vegna tillits til öryggis fangelsisins eða ríkisins, annarra manna, rannsóknar sakamáls, eða aðrar sérstakar ástæður mæla með.

## 20. gr.

Sé synjað um leyfi til dvalar utan fangelsis vegna þess að hætta sé á að fangi muni misnota það, eða það afturkallað, er heimilt að ákveða, í synjun eða afturköllun, að síðari leyfisbeiðni skuli ekki tekin til meðferðar fyrir en eftir ákveðinn tíma, allt að 6 mánuðum.

Þó að ákvörðun samkvæmt 1. mgr. hafi verið tekin er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla, ef brýnar ástæður mæla með.

## 21. gr.

Þegar fanga er veitt leyfi til dvalar utan fangelsis skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir leyfisveitingunni, og hvaða reglur gildi um leyfið að öðru leyti, og hverju varði að rjúfa skilyrði leyfisins og þær reglur sem gilda um það að öðru leyti.

Óheimilt er að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsisins nema fengin sé skrifleg yfirlýsing hans um að hann vilji hlíta þeim reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

## II. kafli

**Reglubundin dagsleyfi.**

## 22. gr.

Heimilt er, eftir beiðni fanga, að veita honum leyfi til dvalar utan fangelsis til að fara heim til sín eða heimsækja fjölskyldu sína eða vini, ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að afplánun ljúki.

## 23. gr.

Í beiðni um leyfi samkvæmt þessum kafla skal fanginn upplýsa hvernig hann hyggst verja leyfinu, eða hvern hann hyggst heimsækja. Áður en leyfi er veitt skal að öllu jöfnu leita staðfestingar hjá viðkomandi á því að heimsókn geti átt sér stað. Fáist sú staðfesting ekki ber að synja um leyfi til slíkrar heimsóknar, og skal tilgreina slíkt í skírteini því er greinir í 21. gr., og setja það sem skilyrði fyrir leyfisveitingunni sbr. d lið 11. gr.

## 24. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla fyrir en fanginn hefur verið í samfelldri afplánun í eitt ár hið minnsta, og er ekki heimilt að taka tillit til gæsluvarðhaldsvistar í því sambandi.

Hafi fanga verið heimiluð dvöl utan fangelsis samkvæmt þessum kafla, er ekki heimilt að veita honum slíkt leyfi aftur fyrir en fullir þrjú mánuðir eru liðnir frá síðasta leyfi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis ef hann hefur verið í samfelldri afplánun í tvö ár hið minnsta, og hefur áður verið heimiluð dvöl utan fangelsis samkvæmt þessum kafla, þrisvar sinnum hið minnsta, og hann ekki misnotað það leyfi eða rofið skilyrði eða reglur þess, þegar fullir tveir mánuðir eru liðnir frá síðasta leyfi.

## 25. gr.

Leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla skulu vera 15 klukkustundir að lengd, og er fanganum heimilt að dvelja utan fangelsisins samkvæmt leyfinu frá klukkan 08:00 að morgni til klukkan 23:00 að kvöldi þess sama dags, og skal taka þetta fram í skírteini því er greinir í 1. mgr. 21. gr.

## III. kafli

**Leyfi til dvalar utan fangelsis vegna vinnu.**

## 26. gr.

Heimilt er, eftir beiðni fanga, að veita honum leyfi til dvalar utan fangelsis í þeim tilgangi að stunda vinnu, ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að afplánun ljúki, og ákveður þá forstöðumaður fangelsis í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu skuli hagað.

Leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla skal markaður ákveðinn gildistími, sem tilgreina skal í skírteini því er greinir í 1. mgr. 21. gr.

## 27. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla, nema fyrir liggja staðfesting atvinnurekanda á því að fanginn geti hafið störf, og að fanginn geti starfað hjá honum þann tíma sem fyrirhugað er að leyfið gildi. Fáist sú staðfesting ekki ber að synja um leyfið. Þá skal gengið úr skugga um það að atvinnurekandanum sé ljóst að um sé að ræða fanga sem afplánar refsingu, og skal jafnframt gera atvinnurekandanum grein fyrir þeim reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

## 28. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla fyrir en fanginn hefur verið í samfelldri afplánun í eitt ár hið minnsta, og er ekki heimilt að taka tillit til gæsluvarðhaldsvistar í því sambandi.

## 29. gr.

Almennt er ekki heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla ef meira en þrjú mánuðir eru þar til fanginn lýkur afplánun.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla þó að lengra sé þar til fanginn lýkur afplánun, ef sérstakar aðstæður mæla með þ.m.t. lengd dómsins.

## 30. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla til að vinna hjá nánustu ættingjum eða fjölskyldumeðlimum hans, nema sérstakar aðstæður mæli með.

## 31. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla til að vinna hjá aðila sem á eftir að afplána óskilorðsbundinn refsidóm eða er háður umsjón og eftirliti fangelsismálastofnunar.

## 32. gr.

Almennt skal ekki veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla fyrir kl. 07:00 og eftir kl. 19:00, eða á laugardegi og sunnudegi, nema sérstakar aðstæður mæli með.

## IV. kafli

**Leyfi til dvalar utan fangelsis vegna náms.**

## 33. gr.

Heimilt er, eftir beiðni fanga, að veita honum leyfi til dvalar utan fangelsis í þeim tilgangi að stunda nám eða starfsþjálfun, ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að afplánun ljúki, og ákveður þá forstöðumaður fangelsis í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu skuli hagað.

Leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla skal markaður ákveðinn gildistími, sem tilgreina skal í skírteini því er greinir í 1. mgr. 21. gr.

## 34. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla, nema fyrir liggja staðfest stundaskrá skóla og skrifleg staðfesting hans á því að fanginn geti hafið nám eða starfsþjálfun, og að fanginn geti stundað það þann tíma sem fyrirhugað er að leyfið gildi. Fáist sú staðfesting ekki ber að synja um leyfið. Þá skal gengið úr skugga um það að skólanum sé ljóst að um sé að ræða fanga sem afplánar refsingu, og skal jafnframt gera skólanum grein fyrir þeim reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

## 35. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla fyrir en fanginn hefur verið í samfelldri afplánun í eitt ár hið minnsta, og er ekki heimilt að taka tillit til gæsluvarðhaldsvistar í því sambandi.

## 36. gr.

Almennt er ekki heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla ef meira en sex mánuðir eru þar til fanginn lýkur afplánun.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla þó að lengra sé þar til fanginn lýkur afplánun, ef sérstakar aðstæður mæla með þ.m.t. lengd dómsins.

## 37. gr.

Almennt skal ekki veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla fyrir kl. 07:00 og eftir kl. 19:00, eða á laugardegi eða sunnudegi, nema sérstakar aðstæður mæli með.

## V. KAFLI

**Leyfi til dvalar utan fangelsis í sérstökum tilvikum.**

## 38. gr.

Heimilt er, eftir beiðni fanga, að veita honum leyfi til dvalar utan fangelsis í eftirfarandi sérstökum tilvikum, ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að afplánun ljúki:

- a) Til að heimsækja náinn ættingja sem er alvarlega sjúkur,
- b) til að vera viðstaddur jarðarför eða kistulagningu náins ættingja,
- c) til að vera viðstaddur fæðingu, skírn eða fermingu barns síns,
- d) til að gæta sérstaklega brýnna persónulegra hagsmuna sinna.

39. gr.

Ekki skal veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla nema fyrir liggi fullnægjandi gögn um að þær aðstæður séu til staðar að heimilt sé að veita leyfi samkvæmt þessum kafla.

## VI. KAFLI

**Gildistaka.**

40. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, og öðlast gildi 1. janúar 1993. Reglugerðin fellur sjálfkrafa brott 31. desember 1995. Áður en reglugerðin fellur brott skal fara fram endurskoðun á ákvæðum hennar.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

## AUGLÝSING

**um reglur um eðlilega nýtingu tekjustofna sveitarfélaga 1993.**

Með tilvísun til 5. mgr. 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 390/1991 og að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur félagsmálaráðherra ákveðið að eftirtalin nýting tekjustofna sveitarfélaga á næsta ári teljist eðlileg nýting.

*Útsvör:* 7,5% álagning.

*Aðstöðugjöld:* 65% meðalnýting aðstöðugjaldsstofns.

*Fasteignaskattur:* 1. Fasteignir samkv. lið a í 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga 0,36% álagning. 2. Fasteignir samkv. lið b í 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga 0,9% álagning.

Skilyrði fyrir því að sveitarfélag fái tekjujöfnunarframlag 1993 verður að það hafi á árinu 1993 fullnýtt heimild til útsvarsálagningar þ.e. lagt 7,5% útsvar á tekjur ársins 1992.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. desember 1992.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

**um váttryggingarfjárhæðir í aksturskeppni.**

Ákveðið hefur verið að váttryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 35 950 000 kr. vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 16 500 kr. að lágmarki og 165 000 kr. að hámarki.